

Aðalfundur Snarfara fimmtudaginn 24. Mars 2022.

Fundur settur kl. 20:06.

Alls mætu 60 félagsmenn á fundinn.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður býður gesti velkomna og byrjar á því að leggja til fundarritara Pétur Valmundarson og fundarstjóra Finn Torfa sem hljóta einróma atkvæði.

Fundarstjóri tekur til máls og snýr sér beint að dagskránni.

2. Skýrsla stjórnar.

Formaður gengur í pontu, tekur til máls og flytur skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri tekur til máls og býður orðið laust varðandi umræðu um skýrslu stjórnar.

Spurning úr sal: Hvenær verður skipt um lykla á svæðinu?

Svar frá formanni: h.u.b. mánuði eftir að gjöld eru innheimt, með vorinu.

Spurning úr sal varðandi leigustæðið í RVK höfn

Önnur spurning úr sal: Stendur til að endurnýja austur-kant á C bryggju.

Svar frá formanni: Hefur staðið til lengi að fara í málið og er á verkefnalista stjórnar að fá tilboð í nýja útleggjara og skipta þeim út.

Spurning úr sal: Hver tekur upp báta sem sökkva í höfninni og á hvers kostnað.

Svar formanns: Eigendur björguðu upp úr höfninni á eigin kostnað.

Spurning úr sal: Varðandi báta sem eru að sökkva, hefur stjórnin íhugað að loka B og C bryggju yfir veturinn?

Svar formanns: Það er erfitt að loka á suma en ekki aðra en stjórn hvetur sjómenn að taka upp báta yfir vetrartímann.

Fundarstjóri stígur nú inn í umræðu og minnir á liðinn önnur mál.

3. Reikningar félagsins

Jóhann Gjaldkeri er kallaður í pontu að útskýra reikninga félagsins.

Jóhann fer yfir ársreikninginn.

Fundarstjóri tekur til máls og þakkar fyrir góða yfirferð.

Formaður tekur til máls varðandi reikningamál. Hann tilkynnir að Jóhannes Valdemarsson ætli að ljúka sínum störfum og að nýr aðili taki við hans málum. Það er kona sem hefur verið ráðin til þess. Hugmyndin er að hafa fjármálin og útsenda reikninga með meiri skilvirkni. Nýr gjaldkeri minntist á að félagið væri „aftur í steinöld“. Hún kemur sterk inn og munum við sjá breytingu til batnaðar.

Fundarstjóri tekur við og heldur áfram með fundinn

4. Tillaga stjórnar um gjaldskrárbreytingar

Tillaga stjórnar er að hafa óbreytta gjaldskrá og henni fagnað

5. Kosning skv. lögum félagsins

Óskar fundarstjóri eftir tillögum að formanni.

Tillögur úr sal eru Hafþór Lyngberg og er hann sjálfkjörinn þar sem engin mótframboð

Meðstjórnendur eru kosnir Hörður Már og Jóhann Rúnar og eru sjálfkjörnir Kjörnir skoðunarmenn reikninga eru Finnur Sveinbjörnsson og Otto H. Guðmundsson sem eru sjálfkjörnir

Varamenn; Jónas Hermannsson, Jón Rósmann og Pétur Valmundarson, sjálfkjörnir

6. Önnur mál

Fyrsta mál er að nýr gjaldkeri fái kaup sem er samþykkt.

Fyrirspurn úr sal „Hver er manneskjan og hvað fær hún í laun“

Svar formanns: Formaður kynnir konuna og hennar laun.

Fyrirspurn úr sal: Hefur ársreikningurinn verið formlega samþykktur?

Svar fundarstjóra; kann að hafa gleymst en var klappað fyrir honum.

Fundarstjóri óskar eftir samþykki skýrslu stjórnar og er hún samþykkt einróma.

Fundarstjóri óskar eftir samþykki reikninga og eru þeir samþykktir samhljóða.

Fyrirspurn úr sal: Varðandi dýpkun á innsiglingu og stækka höfn. Er þetta komið á tímasetningu hjá borginni.

Svar formanns: RVK Borg er með í hönnun stækkun á garðinum og hafa HNIT málið hjá sér. Málið verði klárt fyrir haustið (1.okt22) og þá sé hægt að ráðast í stækkun. Þetta eru síðustu upplýsingar sem Snarfari fékk.

Formaður útskýrir í meiri smáatriði með hvaða hætti garði verði breytt.

Formaður færir umræðu út í breytingu á landssvæði Snarfara og útskýrir hugmyndir sem eru í gangi.

Fyrirspurn úr sal: Stendur til að malbika og reisa skemmu?

Svar formanns: Þetta er til skoðunnar að fá tjaldskemmu og kom formaður með góðar útskýringar á þessum málum og taldi upp nokkur tilboð sem félaginu hefur borist.

Formaður sagði frá hugmynd að kaupa búnað til að hreinsa botnmálningu af bátum. Pétur Einarsson gerði samantekt á málinu og skilaði til stjórnar sem er til skoðunnar. Umræðan færðist svo yfir í umhirðu á svæði sé verið að skrapa botnmálningu af. Ábending barst úr sal um þvottagræjur fyrir botngróður.

Spurning úr sal varðandi næturvaktir hvort hafi verið skoðað að úthýsa næturvaktamálum til öryggisfyrirtækja.

Svar formanns: málið er nýlega rætt á stjórnarfundum og var þá ákveðið að sækja tilboð og kanna málið nánar til að bera fyrir félagsmenn. Einnig sé til skoðunar að bæta lýsingu á svæðinu með fótósellum.

Spurning úr sal: Sundabraut. Mun hún snerta svæði Snarfara

Svar formanns: Snarfari verður líklegast ekki spurður neitt út í málið

Spurning úr sal: Garðurinn á að breyta honum

Svar formanns: ekki að svo komnu máli. Það stóð til að skoða að stækka bátastæði inn í garðinn en var farið í önnur verk fyrst.

Spurning úr sal: Hefur meðalaldurinn lækkað?

Svar formanns: Ekki svo vitað sé til

Spurning úr sal: Er hægt að setja linka af öryggismyndavélum á heimasíðu?

Svar formanns: Það er hægt og leyfilegt og verður skoðað

Spurning úr sal: Hvað með Hvalfjörð?

Svar formanns: Hvammsvík rennur út eftir sumarið 2022. Landeigandi er erfiður við Snarfara og virðir ekki samninginn. Það þarf að íhuga hvort sé þess virði að setja út bryggju. Skoðaðir voru tveir aðrir staðir í Hvalfirði, í Kjós. Staðirnir eru báðir álitlegir og verður skoðað í sumar að útbúa svæðið og semja við landeiganda.

Nefndi þá formaður fleiri staði sem koma til greina í nágrenni Reykjavíkur, t.d. Kópavogi. Þetta er á framtíðaráformum að koma í rekstur.

Fundarstjóri óskar eftir fleirum málum í flokknum Önnur mál.

Engin mál berast.

Formaður tekur til máls og segir fundi slitið kl. 21:37.